



Íslensk málnefnd

# Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2017

15. nóvember 2017

Íslensk málnefnd er skipuð af menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í lögnum er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs og enn fremur að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli þau sjá til þess að hún sé notuð. Eitt af hlutverkum málnefndarinnar er að álykta árlega um stöðu tungunnar. Hér fer á eftir ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2017. Í ár er sjónum sérstaklega beint að sambandi ungmenna við tunguna.

## Tungan og ungmennin

### Staða og horfur

Á unga fólkinu veltur framtíð tungumálsins. Einstaklingar á aldrinum 13–19 ára eru afar mikilvægir í samfélaginu en vilja þó stundum gleymast í opinberri umræðu, meðal annars um tungumálið. Á þessum aldri bætir einstaklingurinn við sig mikilvægri þekkingu á meðferð tungumálsins og táníngarnir taka að mótast sem fullorðnir málnotendur og lesendur. Afar mikilvægt er því að þessi aldur gleymist ekki í umræðu um stöðu tungunnar og horfur. Margar vísbendingar eru um að ekki sé nógu vel hlúð að sambandi við tunguna á þessum árum. Mikil áhersla er á lestur á fyrri skólastigum. Stökkið frá lestri barnabóka til fullorðinsbóka hefur ef til vill ekki fengið sömu athygli.

Í þessu sambandi er rétt að benda á tvennt. Annars vegar verður ekki séð að ritunarkennsla og ritþjálfun fái nægilegt rými í skólakerfinu. Einu sinni var oft haft á orði að allir kennarar væru íslenskukennarar. Engum vafa er þó undirorpið að kennarar almennt líta ekki lengur þannig á málið. Ritþjálfun á íslensku er ekki sameiginlegt átaksverkefni allra kennara heldur er gjarnan litið

svo á að hún sé alfarið á ábyrgð íslenskukennara sem þó fá lítið rými eða stuðning til að sinna henni. Næg eru verkefni þeirra önnur. Ekki virðist sanngjarnt að auka vægi ritunar á kostnað annarra mikilvægra þátta í íslenskumenntun heldur þyrfti að fjölga íslenskutímum í viðmiðunarstundaskrá.

Í öðru lagi er vert að benda á að framboð afþreyingar á ensku hefur aukist mjög þannig að raunveruleg hættu er á að bókhneigðir íslenskir unglingar venjist á að lesa ensku jafnvel fremur en íslensku. Það er mjög jákvætt að íslensk ungmenni velji sér lesefni á mörgum tungumálum en að sama skapi verri að þau venjist ekki á mikinn lestur á íslensku og missi þá jafnvel samband við ritmálið þannig að nokkurra áratuga gamlar skáldsögur á tiltölulega eðlilegu ritmáli fari að þykja tyrfnar og torlesnar, hvað þá eldri meistaraverk íslenskra bókmennta.

Vanræksla ritunarmenntunar og skortur á uppeldi ungmenna sem fullorðinna lesenda getur hvort um sig haft þau áhrif að minnka umdæmi íslenskunnar. Þetta er hluti af þeim umdæmisvanda sem Íslensk málnefnd og aðrir velunnarar málsins hafa iðulega bent á undanfarin misseri – hættu er á að íslenska verði ekki lengur til sem auðugt bókmenntamál jafnvel þó að hún haldi gildi sínu sem talmál. Það getur ekki verið eina markmið stjórnvalda að íslenska lifi af yfirleitt heldur einnig að hún sé auðugt og blæbrigðaríkt mál. Þáttur í því er að hin íslenska ritmálshefð lifi áfram góðu lífi. Það tryggir meðal annars samband kynslóðanna og þekkingu yngstu kynslóðarinnar á eigin menningu og sögu.

## **Aðgerðir**

Íslenska er töluð af svo fáum að hún hlýtur jafnan að teljast í útrýmingarhættu. Á hinn bóginn hefur hún mikilvægt forskot á margar aðrar tungur sem fáir kunna. Íslenska er tungumál sjálfstæðs ríkis og hlýtur því margháttaðan stuðning stjórnvalda í gegnum skólakerfið og alls konar menningarstyrki – en sá stuðningur þarf þá vitaskuld að vera í verki en ekki aðeins í orði. Stjórnvöld hafa staðið sig vel með samþykkt nýrra laga um stöðu tungunnar en þeim þarf að fylgja vel eftir, meðal annars með fjármagni.

Íslenskt samfélag er óðum að breytast í fjölmenningsamfélag sem er jákvætt en getur þó verið skeinuhætt tungumáli fámennrar þjóðar. Íslensk málnefnd telur afar mikilvægt að þegar verði ráðist í eðlilegar mótvægisáðgerðir til stuðnings íslenskri tungu, bæði með fulltingi skólakerfisins og með stuðningi opinberra sjóða.

Í skólakerfinu hlýtur meginmarkmiðið að vera að auka til muna vægi fjölbreytilegrar kennslu í ritun á íslensku ekki síst hjá aldurshópnum 13–19 ára, ekki aðeins sem hluta málfræði- og bókmenntakennslu heldur sem sérstaka grein með sinn stað á stundaskrá (þar sem þær eru notaðar) þannig að hún verði ekki „afgangssterð“. Kennarar eiga ekki að kenna ritun sem íhlaupavinnu þegar öllu öðru er lokið heldur á hún að vera kjarnagrein í öllu námi, hverjar sem áherslur nemandans eru annars. Það eru breyttir tímar og ekki lengur hægt að láta nægja að segja að allir kennarar séu móðurmálskennarar. Þvert á móti krefst þróunin þess að íslensk ritun fái sess sem sjálfstæð kennslugrein hjá nemendum á táningsaldri sem jafnframt kallar á bæt看

undirbúning kennara. Mikilvægt er að yfirvöld menntamála hefji þegar undirbúning að slíkum breytingum með því að auka hlut ritunarkennslu í kennaranámi.

Um leið þarf að styðja með myndarlegum hætti við ritun og þýðingar ungmenna- og unglingabóka en jafnframt finna leiðir til að koma fjölbreyttu úrvali af aðgengilegum skáldverkum fyrir fullorðið fólk (íslenskum og þýddum) til 13–19 ára lesendahópsins. Þar getur skólakerfið leikið mikilvægt hlutverk en einnig þarf að efla bæði skólabókasöfn og almenningubókasöfn sem hafa orðið fyrir verulegum búsisfjum síðustu áratugi. Bókasöfnin eru vanmetin þegar kemur að vexti og viðgangi tungumálsins. Þau þurfa aukið fjármagn. Það er tiltölulega ódýrt átaksverkefni miðað við ýmsa aðra starfsemi ríkisins (s.s. samgöngubætur) en mun skila sér margfalt í bættri vígstöðu íslenskrar tungu.

Fyrir utan þátt skólakerfisins þarf að huga að notkun opinberra sjóða. Þannig er mjög mikilvægt að styðja við bakið á íslenskum rithöfundum og ekki síst höfundum barna- og ungmennabóka. Stuðningur hins opinbera við Launasjóð rithöfunda hefur verið afar mikilvægur fyrir stöðu tungunnar en enn má gera betur, sérstaklega hvað varðar bækur fyrir aldurshópinn 13–19 ára og einnig fræðslu- og upplýsingarrit.

Ekki má einskorða opinberan stuðning við prentverkið eða prentaðar bækur heldur þarf einnig að styðja betur við rafræna miðlun og nýmiðlun (hljóðvarp, sjónvarp, netið) eins og meðal annars var rætt um í ályktun Íslenskrar málnefndar 2016 enda er aðalatriðið miðlun vandaðs íslensks texta til þessa mikilvæga hóps. Ekki þarf mikil fjárútlát til að gera mikið gagn en þetta eru þættir sem hið opinbera má ekki vanrækja.